

# Starfsáætlun SSNV 2025





## Hlutverk

SSNV eru landshlutasamtök á Norðurlandi vestra. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna Skagafjarðar, Skagastrandar, Húnabyggðar og Húnaþings vestra.

SSNV styður einstaklinga, fyrirtæki, félagsamtök og stofnanir við að ná árangri á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar. SSNV er í forsvari gagnvart stjórnvöldum og sinnir almennri hagsmunagæslu í stefnumótun, byggðamálum og atvinnuuppbyggingu á Norðurlandi vestra.

# Stjórn SSNV

Ný stjórn SSNV var skipuð á 32. ársþingi landshlutasamtakanna þann 11. apríl 2024

## Stjórn SSNV

Einar E. Einarsson Skagafirði, formaður stjórnar

Magnús Magnússon Húnaþingi vestra, varaformaður

Álfhildur Leifsdóttir Skagafirði

Guðmundur Haukur Jakobsson Húnabyggð

Halldór Gunnar Ólafsson Skagaströnd

## Varamenn

Sólborg S. Borgarsdóttir Skagafirði

Þorleifur Karl Eggertsson Húnaþingi vestra

Jóhanna Ey Harðardóttir Skagafirði

Elín Aradóttir Húnabyggð

Erla María Lárusdóttir Skagaströnd



**Einar E. Einarsson - formaður**  
Skagafjörður



**Magnús Magnússon, varaformaður**  
Húnaþingi vestra



**Guðmundur Haukur Jakobsson**  
Húnabyggð



**Álfhildur Leifsdóttir**  
Skagafjörður



**Halldór Gunnar Ólafsson**  
Skagaströnd

# Verkefni stjórnar

## Hlutverk stjórnar

Stjórn SSNV hvetur til svæðisbundinnar samvinnu og samstarfs í gegnum landshlutasamtökin á Norðurlandi vestra til hagsbóta fyrir svæðið í heild sinni. Í samþykktum SSNV kemur fram að stjórn hafi yfirumsjón með rekstri og sé málsvari samtakanna ásamt framkvæmdastjóra milli ársþinga. Stjórn sendir frá sér ályktanir og umsagnir í nafni SSNV í samstarfi við framkvæmdastjóra sem starfar í umboði stjórnar.

## Fundir stjórnar

Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og aukalega sé þess þörf. Formaður og framkvæmdastjóri undirbúa stjórnarfund. Framkvæmdastjóri sendir fundargögn til stjórnar og varastjórnar, kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum landshlutans auk stjórnenda sveitarfélaga. Fundargerðir eru sendar til allra framangreindra og eru einnig gerðar aðgengilegar á vef SSNV.

## Ársskýrsla & endurskoðun

Vinna við gerð ársskýrslu og ársreiknings fyrir árið 2024 hefst í janúar 2025 og lýkur í mars 2025.

## Þing SSNV

Árþing verður haldið 9. apríl 2025 í Skagafirði.

Haustþing verður haldið 15. október 2025 í Skagafirði.





# Fundir með þátttöku SSNV

## Fundir vegna atvinnuþróunar

Mánaðarlegir fundir framkvæmdastjóra landshlutasamtaka og Byggðastofnunar.

Vorfundur Byggðastofnunar í tengslum við ársfund Byggðastofnunar.

Árlegur haustfundur haldinn til skiptis á atvinnuþróunarsvæðum.

Sameiginlegir fundir atvinnuþróunarfélaga.

Sameiginlegir fundir atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri og starfsmenn atvinnuþróunar sitji fundi eins og við verður komið.

Byggðastofnun skipuleggur kynnisferð erlendis fyrir atvinnuþróunarfélög annað hvert ár. Næsta ferð er fyrirhuguð árið 2025.

## Dæmi um aðra fundi & viðburði

Gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri og/eða formaður mæti á eftirtalda fundi:

Ársfundur Byggðastofnunar.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Landshlutasamtökin taka þátt í hinum ýmsu fundum og viðburðum m.a. á vegum sveitarfélaga, annarra landshlutasamtaka, ríkis, stofnana og fyrirtækja.

Samtökin koma einnig að skipulagningu viðburða í samstarfi við hagaðila.



Ríkisstjórnin fundaði með sveitarstjórnarfólki á Norðurlandi vestra og SSNV þann 28. ágúst 2024 í Skagafirði.

Hér er skýrt dæmi um verkefni sem SSNV tekur að sér fyrir ríkisvaldið en samtökin sáu um undirbúning og samskipti vegna fundarins.

# Starfsfólk SSNV

Hjá samtökunum starfar sterk liðsheild með fjölbreytta menntun og áratuga reynslu



**Katrín M Guðjónsdóttir**  
Framkvæmdastjóri



**Guðlaugur Skúlason**  
Verkefnastjóri




**Sveinbjörg Rut Pétursdóttir**  
Verkefnastjóri



**Davíð Jóhannsson**  
Verkefnastjóri



**Magnús Barðdal Reynisson**  
Verkefnastjóri



**Berglind Björnsdóttir**  
Verkefnastjóri



**Matthías Rúnarsson**  
Skrifstofa og bókhald



**Brynja Sif Harðardóttir**  
Markaðsfulltrúi

# Verkefni þvert á starfið

SSNV er mikilvægur samráðs- og samvinnuvettvangur sem sinnir almennri hagsmunagæslu í stefnumótun, byggðamálum og atvinnuuppbyggingu á Norðurlandi vestra.


SSNV starfar í nánu samstarfi við sveitarfélög, opinbera aðila og félagasamtök að eflingu búsetuáttá, sem m.a. snúa að samgöngum, verslun og þjónustu, húsnæðismálum, umhverfismálum, menntunar- og menningarmálum.

SSNV er atvinnuþróunarfélag sem stuðlar að aukinni atvinnuuppbyggingu á Norðurlandi vestra.

Ráðgjöf SSNV á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar, menningarmála til einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra byggir á samningi við Byggðastofnun.

Meginstoðir samningsins eru fjórir:

Atvinnu- og byggðapróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun og upplýsingaöflun, þekkingarmiðlun og samstarf.





# Sóknaráætlun 2025-2029

- Verkefnum Sóknaráætlunar er skipt í fernt: 1) Gerð sóknaráætlunar, framkvæmd og eftirfylgni. 2) Úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði. 3) Val á áhersluverkefnum og framkvæmd þeirra. 4) Umsjón með viðaukasamningum við sóknaráætlun.
- Starfsfólk SSVN starfar eftir sóknaráætlun og er hún leiðarljós starfsins. Undir sóknaráætlun heyra áhersluverkefni og Uppbyggingarsjóður.
- Sóknaráætlun SSVN er stefnumótandi áætlun landshlutans fimm ár í senn.
- Meginmarkmið sóknaráætlunar eru að auka samkeppnishæfni landshlutans, einfalda samskipti við ríki og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.
- Sóknaráætlun tekur mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og annarri opinberri stefnumótun.
- Vinna við gerð nýrrar sóknaráætlunar hófst snemma árið 2024 og var lögð áhersla á þátttöku íbúa, fyrirtækja, sveitarstjórnarfólks og annarra velunnara svæðisins.
- Samningur um nýja sóknaráætlun gildir í fimm ár en fjámunir til sóknaráætlunar ákvarðast ár hvert eftir fjárlögum og byggir úthlutun á reiknireglu Byggðastofnunar.



# Uppbyggingarsjóður

- Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja menningar- og atvinnuþróunar/nýsköpunarverkefni á Norðurlandi vestra.
- Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun.
- Umsóknarferli er auglýst í september ár hvert. Að liðnum umsóknarfresti Uppbyggingarsjóðs er gerð könnun meðal umsækjenda um ferlið.
- Ársþing SSNV kys úthlutunarnefnd og tvö fagråd Uppbyggingarsjóðs.
- Hlutverk fagráðanna er að leggja faglegt mat á umsóknir og gera tillögur um styrkveitingar til úthlutunarnefndar.
- [Hér](#) má nálgast upplýsingar um fagråd og úthlutunarnefnd.
- [Hér](#) má nálgast upplýsingar um styrkhafa Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2024.



## Framúrskarandi verkefni Uppbyggingarsjóðs

- Árlega eru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni sem farið hafa fram á Norðurlandi vestra árið áður.
- Veittar eru viðurkenningar í tveimur flokkum, annars vegar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og hins vegar á sviði menningar.
- Árið 2024 hlutu verðlaun fyrir framúrskarandi verkefni Leikflokkur Húnaþings vestra á sviði menningar og Kaffibrennslan Korg í Skagafirði á sviði atvinnu og nýsköpunar.



Katrín M Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, ásamt stjórn leikflokksins, Ragnari Heiðari Ólafssyni, Arnari Hrólfssyni og Erlu Björgu Kristinsdóttur.



Guðlaugur Skúlason og Katrín M Guðjónsdóttir ásamt eigendum kaffibrennslunnar Korg Völu Stefánsdóttur og Rannveigu Einarsdóttur.

## Áhersluverkefni

- Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Verkefnin hafa skýr markmið og árangursmælikvarða við sóknaráætlun.
- Flest áhersluverkefni SSNV eru til tveggja ára.
- Samhliða útgáfu nýrrar sóknaráætlunar eru áhersluverkefni SSNV endurskoðuð.
- Áhersluverkefnin eru samþykkt af stjórn SSNV og þurfa þar eftir að hljóta staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.
- [Hér](#) má sjá áhersluverkefni SSNV árið 2024.





# C.1 – Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða

Ríflega 40 milljónir í styrk á Norðurland vestra árið 2024



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitastjóri Húnaþings vestra, og Katrín M Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, undirrita samning um verkefnið: Hjartað í Húnaþingi vestra.



Ólafur Þór Ólafsson, starfandi sveitarstjóri Skagastrandar, og Katrín M Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, undirrita samning um verkefnið: Samvinnurými á Skagaströnd.



Pétur Arason, sveitarstjóri Húnabyggðar, og Katrín M Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, undirrita samning um verkefnið: Tilraunagróðurhús.

Innviðaráðherra auglýsir ár hvert eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð C.1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða.

SSNV sækir um í samstarfi við haghafa framlög í samkeppnissjóðinn vegna verkefna sem nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans eða landshlutanum í heild.

SSNV fer með samskipti við ríkið, umsýslu og eftirfylgni samninga.

## Verkefnin á Norðurlandi vestra sem hlutu styrk árið 2024

Hjartað í Húnaþingi vestra, upphæð kr. 10.500.000.

Samvinnurými á Skagaströnd, upphæð kr. 15.000.000.

Tilraunagróðurhús á Blönduósi, upphæð kr. 15.000.000.

Nánari upplýsingar um verkefnin má finna [hér](#).

# SSNV og Eimur

**Með tilkomu Eims inn á svæðið getum við virkjað þau fjölmörgu tækifæri sem hér leynast á markvissari hátt en áður**

Bakhjarlar Eims; umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Landsvirkjun, Samtök sveitarfélaga- og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, Norðurorka og Orkuveita Húsavíkur, ásamt Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra undirrituðu í ágúst 2024 samkomulag um inngöngu samtakanna í Eim. Eimur hefur það meginmarkmið að bæta nýtingu auðlinda með verðmætasköpun, sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi. Nú spannar starfsvæði félagsins allt Norðurland.

Landshlutinn okkar er mikil matarkista, með framleiðslu á landbúnaðarvörum og öflugri útgerð. Þá er starfsemi Landsvirkjunar umtalsverð á svæðinu og útlit er fyrir aukna orkuvinnslu á Blöndusvæði í náinni framtíð. Það eru því mikil tækifæri fólgin í vexti Eims til vesturs.

*Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar á Ísland að verða vagma nýrra lausna á grunni auðlinda, þekkingar og staðsetningar. Styðja á við græna atvinnuuppbyggingu og fjárfestingar ásamt því að greiða götu verkefna, m.a. á sviði föngunar, geymslu og förgunar kolefnis, uppbyggingu hringrásarhagkerfis með fjölnýtingu orkustrauma og orkuskipta.*



Frá hægri: Eypór Björnsson, forstjóri Norðurorku, Albertína Fr. Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE, Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Lára Halldóra Eiríksdóttir, stjórnarformaður SSNE, Ottó Elíasson, framkvæmdastjóri hjá Eimi, Einar Eðvald Einarsson, stjórnarformaður SSVN, Katrín M Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSVN, Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar og Benedikt Þór Jakobsson, rekstrarstjóri Orkuveitu Húsavíkur.

# Evrópuverkefni

SSNV er þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum, en markmið þeirra má tengja stefnumörkun Byggðastofnunar t.d. varðandi atvinnulíf og byggðapróun, nýsköpun og umhverfis- og loftslagsmál.

Árið 2025 verður unnið að þremur Evrópuverkefnum, en öll munu þau nýtast við uppbyggingu ofantalinna þátta í landshlutanum.

## Target Circular

Verkefninu er m.a. ætlað að þjálfa frumkvöðla og/eða fyrirtæki í að nota vísindalega nálgun við ákvarðanatöku þegar kemur að vöru eða þjónustu. Verið er að þróa efni sem gerir fundi með atvinnuráðgjöfum markvissari og árangursríkari.

## SUB

Verkefnið miðar að því að styðja við sjálfbæran vöxt hjólaferðaþjónustu í dreifðum byggðum Norðurlóða. Markaðsmöguleikar verða kannaðir, sannreyndir og prófaðir sem og hagnýtar lausnir í þróun sjálfbærrar hjólaferðaþjónustu.

## GLOW

Leitast er við að byggja upp tæknilega og viðskiptalega þekkingu hjá ferðaþjónustufyrirtækjum til að nýta sér hugmyndir tengdar myrkrinu og s.k. myrkurgæðum.

